

Fundargerð háskólaráðs

264. fundur þann 28. mars 2008

Fundarherbergi 262 á Borgum

Rektor setti fund kl. 12:15.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara

Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun

Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri hjá RÚV

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 263. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar–febrúar 2008

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrir fyrstu tvo mánuði ársins. Rekstrar-
kostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 189,52 m.kr. (15,60% af áætlun
ársins) þar af 106,90 m.kr. vegna kennsludeilda.

3. Undirbúningur að þriggja ára starfs- og rekstraráætlun

Sólveig Ása og Þóroddur kynntu tillögur að stefnu háskólaráðs um eflingu
rannsóknavirkni sem þeim var falið að vinna á síðasta fundi háskólaráðs.
Tillögurnar eru til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórn vegna vinnu við þriggja ára
starfs- og rekstraráætlun. Rektor var falið að leggja fram þriggja ára starfs-
og rekstraráætlun á næsta fundi háskólaráðs.

4. Háskólafundur 2. apríl 2008

Rektor kynnti dagskrá háskólafundar 2. apríl nk.

5. Tillaga að siðareglum

Tillaga að siðareglum fyrir háskólann var lögð fram til kynningar. Fjallað verður
um hana á háskólafundi 2. apríl.

6. Tillaga að starfsmannastefnu

Tillaga að starfsmannastefnu háskólans var lögð fram til kynningar. Fjallað verður
um hana á háskólafundi 2. apríl.

7. Dómnefndarálit

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fulltrúi í dómnefnd háskólans gerði grein fyrir
dómnefndaráliti um hæfi sex umsækjenda til að gegna stöðu deildarforseta hug-
og félagsvísindadeildar, þeirra Birnu Svanbjörnsdóttur, Hauks Arnþórssonar,

Ingibjargar Auðunsdóttur, Ingibjargar Ágústsdóttur, Rósu Guðrúnar Eggertsdóttur og Trausta Þorsteinssonar. Háskólaráð staðfesti niðurstöðu dómnefndar sem taldi öll hæf til að gegna stöðu lektors við háskólann.

8. Ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs HA

Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar Rannsóknasjóðs HA gerði grein fyrir umsóknum sem bárust vegna síðari úthlutunar úr sjóðnum en háskólaráð samþykkti 3,0 m.kr. aukafjárveitingu á fundi sínum 21. desember sl. og að auglýstur yrði annar umsóknarfrestur og þá eingöngu vegna umsókna í samkeppnissjóði. Alls bárust 15 umsóknir að upphæð 12.846.000. þar af voru þrjár umsóknir að upphæð 2.750.000 sem uppfylltu skilyrði sjóðsins um undirbúning umsókna í stærri samtarfsverkefni. Af þeim 12 umsóknum sem eftir standa telur stjórnin að átta umsóknir séu mjög góðar og líklegar til að leiða til birtinga í ritrýndum tímaritum. Sjóðsstjórnin leggur til að alls 4.205.000 kr. verði veitt til þessara átta verkefna.

Háskólaráð samþykkti 500.000 kr. viðbótarfjárveitingu til sjóðsins sem fengin er með sértekjum og veitti heimild til að flytja fjárhæðir sem stóðu eftir við fyrri úthlutanir til að styrkja umræddar umsóknir.

9. Orkuskóli – RES

Frestað.

10. Tilnefning í stjórn FÉSTA

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að tilnefna Ólaf Búa Gunnlaugsson í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til næstu tveggja ára.

11. Samningur um ASÍS

Rektor gerði grein fyrir samningi HA og HÍ dags. 6. mars sl. um ASÍS- Asíusetur Íslands. Háskólaráð staðfesti samninginn.

12. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.